



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Forseti Alþingis Frú Ásta R. Jóhannesdóttir Alþingi 150 Reykjavík	16. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

Ríkisendurskoðun hefur mótttekið bréf forsætisnefndar, dags. 14. nóvember sl., þar sem þess er farið á leit að ósk umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að Ríkisendurskoðun taki sama skýrslu um fyrirhugaðar framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng, sbr. bréf formanns umhverfis- og samgöngunefndar til forsætisnefndar, 9. nóvember sl.

Í tilvitnuðu bréfi formanns umhverfis- og samgöngunefndar er gerð svofelld grein fyrir verkefninu:

„Óskað er eftir því að gerð verði heildarúttekt á áætluðum kostnaði og þeim tekjuforsendum og öðrum forsendum sem liggja þar að baki við gerð Vaðlaheiðarganga. Jafnframt óskar nefndin eftir því að gerð verði heildarúttekt miðað við breytingar á forsendum (næmnigreining) og á getu Vaðlaheiðarganga hf. til greiðslu afborgana og vaxta af lánsfjármögnun án aðkomu ríkissjóðs. Metinn verði tilkostnaður ríkissjóðs við aðkomu og fjármögnun framkvæmdarinnar ef einhver er.“

Eins og beiðni þessi er framsett er að mati Ríkisendurskoðunar í raun verið að óska eftir því að stofnunin framkvæmi arðsemismat á áformuðu samgöngumannvirki, sem eftir atvikum kynni að verða grundvöllur ákvörðunar um að ráðast í framkvæmdirnar eða falla frá þeim. Af þessu tilefni verður ekki komist hjá því að benda á að störf Ríkisendurskoðunar eru lögbundin, sbr. lög nr. 86/1987. Samkvæmt 1. gr. þeirra lúta verkefni Ríkisendurskoðunar að endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila, stjórnásluendurskoðun skv. 9. gr. laganna og eftirliti með framkvæmd fjárlaga. Þannig er stofnunin samkvæmt framansögðu að lögum fyrst og fremst endurskoðunar- og eftirlitsstofnun. Á hinn bóginn verður ekki komið auga á að löggjafinn hafi ætlað stofnuninni að leysa úr eða svara álitæfnum á borð við þau, sem tíunduð eru í tilvitnuðu bréfi umhverfis- og samgöngunefndar. Henni er m.ö.o. ekki að lögum ætlað að framkvæma útreikninga eða gera kannanir á hagkvæmni áformaðra samgöngumannvirkja og forsendum, sem að baki þeim búa hverju sinni, eða veita sérfræðiálit í þeim efnun, enda býr hún ekki yfir sérþekkingu á þessu sviði. Breytir engu í því sambandi þó óumdeilt sé að þær snúist um umtalsverða fjárhagslega hagsmunir ríkissjóðs.

Þá er þess jafnframt að geta að ríkisendurskoðandi tengist hr. Kristjáni L. Möller, alþingismanni og stjórnarmanni Vaðaheiðarganga hf., fjölskylduböndum. Hann væri því ef á reyndi vanhæfur til þess að sinna þessu verkefni með vísan til siðareglna Ríkisendurskoðunar og með hliðsjón af hinni óskráðu hæfisreglu stjórnsýsluréttarins. Samhliða þessu myndu jafnframt vakna spurningar um áhrif vanhæfis ríkisendurskoðanda á hæfi annarra starfsmanna stofnunarinnar til þess að taka að sér verkefnið í ljósi reglna og fræðikenninga um undirmannsvanhæfi. Því kynni þegar af þessari ástæðu að vera nauðsynlegt að fela öðrum að taka verkefnið að sér.

Með vísan til þess, sem hér að ofan hefur verið rakið, biðst stofnunin undan því að taka að sér umrætt verkefni.

Ríkisendurskoðun telur hins vegar hvað sem þessari niðurstöðu líður að stjórnvöld þurfi ávallt að láta vinna ítarlega greiningu á arðsemi og áhættu kostnaðarsamra samgönguframkvæmda áður en þau ákveða að ráðast í slíkar framkvæmdir, sbr. álit stofnunarinnar í skýrslu hennar um samgönguframkvæmdir frá júní 2008. Æskilegt er að slíkt mat sé unnið af óháðum aðila. Til fróðleiks má t.d. benda á að í júní 2010 gaf Hagfræðistofnun Háskóla Íslands út skýrslu um gjaldtöku fyrir notkun samgöngumannvirkja. Skýrslan var unnin að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Rinnur Þorgeir

Jón Þóttur Þyrr